

FIRMNATILKYNNINGAR

187

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1936.

1. Reykjavík.

1. Jón Bergsson og Bergur Rósinkranson, báðir til heimilis að Þórsögötu 21, hér í bænum, tilkynna, að þeir reki stórsölu, umboðssölu og smásölu undir nafninu „Jón Bergsson & Co.“ frá og með deginum 1. nóv. 1935 að telja. Bera þeir sameiginlega ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Báðir félagar hafa rétt til að rita firmað hvor um sig, en þó þarf undirskrift beggja, er um sölu eða veðsetningu fasteigna er að ræða.

Firmað rita þeir þannig:

Jón Bergsson & Co.
 Bergur Rósinkranson.
 Jón Bergsson & Co.
 Jón Bergsson.
 Reykjavík, 1. nóv. 1935.
 Bergur Rósinkranson.
 Jón Bergsson.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að með því að firmað O. Johnson & Kaaber hættir störfum frá 1. jan. n. k., verður Tóbaksverzlunin London framvegis rekin undir sama firmanafni sem einkaeign þeirra Ólafs Johnson og Arents Claessen, og hefir hvor þeirra um sig rétt til að rita og skuldbinda firmað.

Ólafur Johnson ritar:

Tóbaksverzlunin London
 Ól. Johnson.

Arent Claessen ritar:

Tóbaksverzlunin London
 A. Claessen.
 Reykjavík, 27. des. 1935.
 O. Johnson & Kaaber.
 Ól. Johnson. A. Claessen.

- 187 3. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður er genginn úr firmanu August H. B. Nielsen & Co. frá og með 31. þ. m. Er því allur rekstur firmans og skuldbindingar þær, er stofnað verður til eftir þann dag, mér óviðkomandi.

Reykjavík, 27. des. 1935.

Sigurður Sveinsson.

Samkvæmt ofanrituðu er herra Sigurður Sveinsson genginn úr firmanu August H. B. Nielsen & Co. frá og með 31. þ. m. Og frá og með þeim degi er genginn inn í firmað sem meðeigandi hr. Axel Guðmundsson, Framnesveg 6 B, og rekum við August H. B. Nielsen og Axel Guðmundsson firmað áfram með óbreyttu firmanafni. Berum við sameiginlega ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Báðir félagar hafa rétt til að rita firmað hvor um sig, en þó þarf undirskrift beggja, er um sölu eða veðsetningu fasteigna er að ræða.

Firmað ritum við þannig:

August H. B. Nielsen & Co.

August Nielsen.

August H. B. Nielsen & Co.

Axel Guðmundsson.

Reykjavík, 27. des. 1935.

August H. B. Nielsen. Axel Guðmundsson.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek hér í bænum speglagerð með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Spegllagerðin.

Rétt til að rita firmað hefi ég einn og rita það þannig:

Spegllagerðin.

Ludvig Storr.

Reykjavík, 30. des. 1935.

Ludvig Storr.

5. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Soffía Jóhannesdóttir, kaupkona, Ísafirði, hefi afhent Axel Ketilssyni, Laufásvegi 79, Reykjavík, verzlun mína í Austurstræti 14, Reykjavík, svo nefnda Soffíubúð, þ. e. S. Jóhannesdóttir, vefnaðarvöru- og fataverzlun. Reykjavík, og hefir hann yfirtekið allar skuldbindingar henni viðvíkjandi. Heimilt er honum að reka verzlunina áfram með óbreyttu firmanafni, en skuldbindingar verzlunarinnar eru mér framvegis óviðkomandi.

Ísafirði, 2. janúar 1936.

Soffía Jóhannesdóttir.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að samkvæmt ofan-skráðu hefi ég undirritaður, Axel Ketilsson, Laufásv. 79, Rvík, yfirtekið verzlun Soffiu Jóhannesdóttur í Austurstræti 14, Reykjavík, svo nefnda Soffiubúð — S. Jóhannesdóttir, vefnaðarvöru- og fataverzlun, og rek hana áfram undir sama firmanafni og áður hafði hún, með ótakmarkaðri ábyrgð.

Rétt til að rita firmað hefi ég einn og rita það þannig:

S. Jóhannesdóttir
vefnaðarvöru- og fataverzlun
Reykjavík.
Axel Ketilsson.
P. t. Ísafirði, 2. janúar 1936.
Axel Ketilsson.

6. Jafnframt því að við afturköllum prókúruumboð það, sem hr. Frantz Hákansson hefir haft fyrir Strætisvagna Reykjavíkur h/f., þá gefur félagið þeim Ólafi Þorgrímssyni, Ásvallagötu 5, og Guðbirni Guðmundssyni Freyjugötu 42, hvorum í sínu lagi, prókúruumboð fyrir félagið, og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Strætisvagnar Reykjavíkur h/f.
Ólafur Þorgrímsson.

pr. pr. Strætisvagnar Reykjavíkur h/f.
Guðbjörn Guðmundsson.
Reykjavík, 10. janúar 1936.

Stjórn Strætisvagna Reykjavíkur h/f.

Ólafur Þorgrímsson. Guðbjörn Guðmundsson. Ólafur H. Jónsson.

7. Á aðalfundi h/f. Strætisvagnar Reykjavíkur, sem haldinn var 23. febrúar 1935, gekk úr stjórn félagsins hr. bifreiðasali Egill Vilhjálmsson, Laufásveg 26, en í stað hans var kosinn í stjórnina hr. prentsmiðjustjóri Guðbjörn Guðmundsson, Freyjugötu 42.

Reykjavík, 11. janúar 1936.

Stjórn Strætisvagna Reykjavíkur h/f.

Ólafur Þorgrímsson. Guðbjörn Guðmundsson. Ólafur H. Jónsson.

8. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi í dag selt snyrtivöruverksmiðju mína ásamt firmanafni og öllum réttindum þeim Skúla Jóhannssyni, Sjafnargötu 8, Oddi Helgasyni Bankastræti 7 og Þóri Kr. Kristinssyni, Frakkastíg 12. Ber ég því enga ábyrgð á skuldbindingum verk-smiðjunnar frá deginum í dag að telja.

Reykjavík, 11. jan. 1936.

Vera Simillon.

187

Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir í dag keypt snyrtivöruverksmiðju Veru Simillon, hér í bæ, og rekum hana áfram undir óbreyttu nafni sem fullábyrgir félagar. En eldri skuldbindingar verksmiðjunnar eru okkur óviðkomandi.

Prókúruhafi er Skúli Jóhannsson. Firmað rita hverjir tveir eigenda, nema um sölu eða veðsetningu á eignum fyrirtækisins sé að ræða; þá þarf undirskrift allra.

Firmað ritum við þannig:

Snyrtivöruverksmiðjan Vera Simillon

Skúli Jóhannsson.

Oddur Helgason.

Snyrtivöruverksmiðjan Vera Simillon

Skúli Jóhannsson.

Þórir K. Kristinsson.

Snyrtivöruverksmiðjan Vera Simillon

Oddur Helgason.

Þórir K. Kristinsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Snyrtivöruverksmiðjan Vera Simillon

Skúli Jóhannsson.

Reykjavík, 11. janúar 1936.

Skúli Jóhannsson, Sjafnargötu 8, Rvík.

Oddur Helgason, Bankastræti 7, Rvík.

Þórir K. Kristinsson, Frakkastíg 12, Rvík.

9. Hér með gef ég undirritaður hr. Jóni Proppé, Laugav. 144, prókúruumboð fyrir mig, og hefir hann öll réttindi til þess að skuldbinda mig skv. lögum nr. 43, 1903 um prókúru.

Reykjavík, 14. janúar 1936.

P. Stefánsson.

Prókúruhafi ritar þannig

pr. pro. P. Stefánsson.

Jón Proppé.

10. Ég undirritaður, Sveinn Gunnarsson, kaupm. á Sauðárkróki, lýsi hér með yfir því, að sonur minn, Ólafur Sveinsson, verzlunarstjóri við Verzlunina Söluturninn í Reykjavík er meðeigandi ásamt mér að Verzluninni Söluturninn í Reykjavík, og hefir hann því heimild til að gefa út yfirlýsingar, skýrslur og skuldbindingar varðandi nefnda verzlun og störf hennar, bæði sem eigandi hennar og í mínu umboði að því er minn eignarhluta í verzluninni snertir.

Sauðárkróki, 27. jan. 1936.

Sveinn Gunnarsson.

Samkvæmt framanrituðu er ég nú meðeigandi með ótakmarkaðri 187
ábyrgð að verzluninni Söluturninn í Reykjavík og rita ég firmað þannig:

Verzlunin Söluturninn

Ólafur Sveinsson.

Reykjavík, 5. febr. 1936.

Ólafur Sveinsson, Laugavegi 42, Reykjavík.

11. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi afsalað móður minni, frú Geirþrúði Zoëga, Bröttugötu 3 A í Reykjavík, firma mitt Helgi Zoëga & Sons — Zoëga Tourist Bureau —, Reykjavík, og verður firma þetta hér eftir rekið á hennar ábyrgð frá og með þessum degi.

Reykjavík, 29. jan. 1936.

Geir H. Zoëga.

Samkvæmt ofanrituðu rek ég hér eftir firmað Helgi Zoëga & Sons — Zoëga Tourist Bureau — í Reykjavík með fullkominni ábyrgð minni.

Jafnframt hefi ég veitt hr. fulltrúa Gunnari Halldórssyni, Tjarnargötu 10 í Reykjavík, prókúruumboð fyrir firmað og ritar hann firmanafnið þannig:

pr. pr. Helgi Zoëga & Sons — Zoëga Tourist Bureau
Gunnar Halldórsson.

Reykjavík, 30. jan. 1936.

Geirþrúður Zoëga.

12. Ég undirrituð tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek með ótakmarkaðri ábyrgð nýlenduvöruverzlun hér í bænum, undir firmanafninu „Þorsteinsbúð“.

Firmað rita ég ein, og Sigurður Sigurðsson, Ingólfsstr. 21 A, sem prókúruhafi.

Firmariton:

pr. Þorsteinsbúð.

Þórey Þorsteinsdóttir.

pr. pr. Þorsteinsbúð.

Sig. Sigurðsson.

Reykjavík, 3. febr. 1936.

Þórey Þorsteinsdóttir.

- 187 13. Hér með veitum vér hr. Kristni Guðjónssyni, til heimilis Laufásvegi 26, Reykjavík, prókúruumboð fyrir firma vort, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Vélsmiðjan Héðinn.

Kristinn Guðjónsson.

Reykjavík, 7. febr. 1936.

Vélsmiðjan „Héðinn“

Bjarni Þorsteinsson. Markús Ívarsson.

14. Fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs veitir hér með forstjóra Sveini Ingvarssyni, Laufásveg 19, Reykjavík, prókúruumboð fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Raftækjaeinkasala ríkisins

Sveinn Ingvarsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, sem forstjóri Sigurður Jónsson hefir haft fyrir téð firma.

Fjármálaráðuneytið, 12. febr. 1936.

Eysteinn Jónsson.

15. Fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs veitir hér með Gesti Pálssyni, skrifstofustjóra, Amtmannsstíg 4, Reykjavík, prókúruumboð fyrir tóbaks-einkasölu ríkisins og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Tóbakseinkasala ríkisins

Gestur Pálsson.

Hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Fjármálaráðuneytið, 13. febr. 1936.

Eysteinn Jónsson.

16. Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem herra verkfræðingur O. H. Ziegler hefir haft fyrir Raftækjaverzlun Íslands h/f. í Rvík.

Reykjavík, 13. febr. 1936.

Í stjórn Raftækjaverzlnar Íslands h/f.

Sig. Jónasson. Br. Magnússon. Ísl. G. Finsen. Ó. Þorsteinsson.

17. Hér með leyfum við okkur að tilkynna til firmaskrár Rvíkur, að framvegis er undirskriftum fyrir firma vort, H. Benediktsson & Co., þannig háttáð, að til þess að skuldbinda firmað þarf undirskrift okkar beggja eða manna,

sem við hvor um sig setjum í okkar stað í því efni. Auk þess undirskrifar 187
prókúruhafi firmans, Þorlákur Björnsson, á venjulegan hátt fyrir firmað
innan takmarka þeirra, sem almennt prókúruumboð segir til um.

Reykjavík, 18. febr. 1936.

H. Benediktsson. H. A. Tulinius.

18. Á aðalfundi F.v.h.f. Hængs í Reykjavík 22. þ. m. gekk úr stjórn félagsins
Einar Einarsson, bátasmiður. En í hans stað var kosinn Sverrir Sverrisson,
trésmiður, Ránargötu 44, hér í bæ.

Reykjavík, 29. febr. 1936.

Vigfús Guðmundsson. Þorgr. Sigurðsson. Sverrir Sverrisson.

19. Stjórn h/f. Mjöltnis í Reykjavík tilkynnir hér með til hlutafélagaskrárinnar,
að hún í dag hefir ráðið herra Björn Ólafs, Mýrarhúsum, Seltjarnarnesi,
til þess að vera framkvæmdastjóri með prókúruumboði fyrir h/f. Mjöltnir,
og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember
1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. h/f. Mjöltnir

Björn Ólafs.

Reykjavík, 29. febrúar 1936.

Geir Sigurðsson. Jón Björnsson. Sigurgeir Einarsson.

20. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi með
kaupsamningi, dags. 13. febr. 1936, selt Gísla Jakobssyni, Grettisgötu 29,
hér í bæ, brauðgerðarfirma mitt „A. J. Strandberg, brauðgerðarhús“,
Frakkastíg 12, ásamt firmanafninu. Allar skuldbindingar verzlunarinnar frá
dags. kaupsamningsins eru mér óviðkomandi.

Reykjavík, 8. marz 1936.

A. J. Strandberg,

Hörpugötu 14, Skerjafirði.

Eins og að ofan greinir, hefi ég undirritaður með kaupsamningi, dags. 13.
febr. 1936, keypt „A. J. Strandberg, brauðgerðarhús“, Frakkastíg 12, ásamt
firmanafni, af Árna J. Strandberg, hér í bæ, og miðast kaupin við dagsetning
kaupsamningsins. Rek ég brauðgerðarhúsið frá þeim tíma að telja á mína
ábyrgð og undir sama nafni og áður.

Firmað rita ég þannig:

„A. J. Strandberg, brauðgerðarhús“

Gíslí Jakobsson.

- 187 Jafnframt tilkynnist, að ég hefi veitt hr. Magnúsi Guðnasyni, Laugavegi 42, prókúruumboð fyrir brauðgerðarfirmað, og ritar hann það þannig:

pr. pr. A. J. Strandberg, brauðgerðarhús

Magnús Guðnason.

Reykjavík, 8. marz 1936.

Gísli Jakobsson.

21. Ég undirrituð tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð saumastofu fyrir karlmannaslífsi og slaufur undir firmanafninu Slífsisgerðin „Atlask“, Reykjavík.

Firmað rita ég sjálf þannig:

Slífsisgerðin „Atlask“, Reykjavík.

Hólmfriður Guðsteinsdóttir.

Sigurjón Jónsson, bóksali, Þórsgötu 4, Reykjavík, hefir prókúru fyrir firmað, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Slífsisgerðin „Atlask“, Reykjavík.

Sigurjón Jónsson.

Reykjavík, 10. marz 1936.

Hólmfriður Guðsteinsdóttir.

22. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Lilja G. Vikar, Barónsstíg 31, rek hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, klæðskerasaumastofu undir firmanafninu „Klæðaverzlunin Guðm. B. Vikar“. Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Klæðaverzlunin Guðm. B. Vikar

Lilja G. Vikar.

Prókúru hefir Guðmundur B. Vikar, Barónsstíg 31, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Klæðaverzlunin Guðm. B. Vikar

Guðm. B. Vikar.

Reykjavík, 26. marz 1936.

Lilja G. Vikar.

23. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur er skrásett firmað Pöntunarfélagið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Dagsetning samþykkt er 22. febrúar 1936. Markmið félagsins er að útvega félagsmönnum allskonar vörur sem beztar að gæðum og með sem vægustu verði, með pönt-

unarstarfsemi og með því að hafa opnar sölubúðir. Öll lausaverzlun er bönnuð. Félagsmenn greiði 5 krónur í inntökugjald. Í varasjóð rennur helmingur inntökugjalds og 1½% af viðskiptaveltunni annari en pöntunaveltunni. Ennfremur helmingur þess arðs, sem verzlunin gefur. Í félagssjóð rennur helmingur inntökugjalda og helmingur árságóða. Við inntöku í félagið ber félagsmanni að kaupa 10 króna vaxtabréf, sem hljóði á nafn hans. Skal fé þetta notað til reksturs félagsins. Ábyrgð félagsmanna takmarkast við tillög þeirra í félagið. Stjórnina skipa 3 menn og einn til vara. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Firmað rita 3 stjórnendur saman og auk þess prókúruhafi. Stjórn félagsins skipa Bergsveinn Sturlaugsson, Laugav. 65, formaður, Þorleifur Andrésson, Grettisgötu 6 a, gjaldkeri, Sæmundur Sæmundsson, Njálsgötu 48 A, ritari. Varastjórnandi er Símon Bjarnason, Laugav. 40 B. Framkvæmdastjóri félagsins og prókúruhafi er Sigurður Guðmundsson, Laugav. 46.

Stjórnin ritar firmað þannig:

Pöntunarfélagið

Þorl. Andrésson.

Sæm. Sæmundsson.

Bergsveinn Sturlaugsson.

Varamaður undirritar nafn sitt:

Símon Bjarnason.

Prókúruhafi undirritar:

pr. p. Pöntunarfélagið

Sigurður Guðmundsson.

Reykjavík, 17. marz 1936.

Sæm. Sæmundsson. Þorl. Andrésson. Bergsveinn Sturlaugsson.

24. Það vottast hér með, að á skiptafundi í þrotabúi Lofts Guðmundssonar, eiganda gosdrykkja- og aldinsafagerðarinnar Sanitas, sem haldinn var 16. apríl 1934, var samþykkt að selja Sigurði Waage firmanafn ofangreindrar aldinsafa- og gosdrykkjagerðar.

Lögmaðurinn í Reykjavík,

2. apríl 1936.

Hákon Guðmundsson,

fr.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég keypt firmanafnið „Sanitas“, og rek verksmiðjuna Sanitas með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Sanitas

Sig. Waage.

187

Enn fremur tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að frá 1. apríl 1936 veit ég Matthíasi Waage prókúruumboð fyrir verksmiðjuna Sanitas og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sanitas
M. Waage.
Reykjavík, 2. apríl 1936.
Sig. Waage.

25. Ég undirritaður, M. Magnússon, Reykjavík, hefi með kaupsamningi dags. 19. marz þ. á. selt hr. Oddi Jónassyni, Brautarholti í Reykjavík, minn hluta í firmanafninu „Efnalaugin Glæsir“ í Reykjavík. Allar skuldbindingar firmans frá dags. kaupsamningsins eru mér því óviðkomandi.

Reykjavík, 22. apríl 1936.
Magnús Magnússon,
Hringbraut 144.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég, Oddur Jónasson, keypt hluta Magnúsar Magnússonar í Efnalauginni Glæsi og rek hana framvegis ásamt hr. Ingi-mundi Jónssyni sem fullábyrgur félagi.

Oddur Jónasson undirritar nafn sitt þannig:

O. Jónasson.
Reykjavík, 22. apríl 1936.
Oddur Jónasson. Ingimundur Jónsson.

26. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, er herra verzlunarstjóri Einar Björnsson hefir haft fyrir Verzlunina Björn Kristjánsson, er afturkallað.

Reykjavík, 30. apríl 1936.
Jón Björnsson.

27. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir höfum með kaupsamningi dags. 2. maí 1936 selt hr. kaupm. Halldóri Þórarinssyni, Túngötu 18, nýlendu- og hreinlætisvöruverzlun okkar, Verzl. Reykjafoss, Hafnarstræti 4, ásamt firmanafni. Allar skuldbindingar verzlunarinnar frá dags. kaupsamningsins eru okkur óviðkomandi.

Reykjavík, 2. maí 1936.
Óskar Bj. Erlendsson. Hallgr. Sveinsson.

Eins og að ofan greinir, hefi ég undirritaður með kaupsamningi dags. 187
2. maí 1936, keypt Verzl. Reykjafoss, nýlendu- og hreinlætisverzlun,
Hafnarstræti 4, ásamt firmanafni, af hr. bókara Hallgr. Sveinssyni og hr.
lyfjafr. Óskari Bj. Erlendssyni, hér í bæ, og miðast kaupin við dags. kaup-
samningsins. Rek ég verzlunina frá sama tíma á mína ábyrgð og undir sama
nafni og áður.

Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Reykjafoss
Halldór Þórarinsson.
Reykjavík, 2. maí 1936.
Halldór Þórarinsson.

28. Hér með veiti ég undirritaður konu minni, Ellen Sighvatsson, prókúruum-
boð fyrir firma mitt, Vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar, og hefir
hún öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903. Firmað
ritar hún þannig:

pr. pr. Vátryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar
Ellen Sighvatsson.
Reykjavík, 4. maí 1936.
Sigfús Sighvatsson.

29. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við höfum f. h. dánar-
bús Páls Þorkelssonar selt frú Maríu Ammendrup verzlunina „Drangey“
með kaupsamningi dags. 7. maí 1936. Kaupin miðast við 20. apríl 1936, og ber
frú María Ammendrup alla ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar frá
þeim degi að telja.

Reykjavík, 12. maí 1936.
f. h. dánarbús Páls Þorkelssonar
Nathan & Olsen.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég undirrituð keypt verzlunina Drangey, og
rek ég hana með ótakmarkaðri ábyrgð frá kaupdegi 20. apríl s. l. að telja.
Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Drangey
María Ammendrup.
Reykjavík, 12. maí 1936.
María Ammendrup,
Klapparstig 37.

30. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum
með ótakmarkaðri ábyrgð miðstöðvarofnagerð úr stáli undir firmanafninu
Stálofnagerðin, Guðm. J. Breiðfjörð, Reykjavík. Við undirritaðir höfum hvor

187

um sig rétt til að rita firmað, nema ef um veðsetningu og aðrar meiri háttar skuldbindingar er að ræða; þá þarf undirskrift beggja. Firmariton:

Stálofnagerðin, Guðm. J. Breiðfjörð, Reykjavík

Guðm. J. Breiðfjörð. Agnar G. Breiðfjörð.

Stálofnagerðin, Guðm. J. Breiðfjörð, Reykjavík

Guðm. J. Breiðfjörð.

Stálofnagerðin, Guðm. J. Breiðfjörð, Reykjavík

Agnar G. Breiðfjörð.

Reykjavík, 19. maí 1936.

Agnar G. Breiðfjörð, Marargötu 6. Guðm. J. Breiðfjörð, Laufásveg 4.

31. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verzlun með sjávarafurðir og sildarsöltun í helmingsfélagsskap og með takmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Jakobsson & Valdimarsson“, með varnarþingi í Rvík samkvæmt samningi dags. 8. maí 1936. Höfuðstóll félagsins er átta þúsund krónur, er skiptist í jafna hluti og er innborgaður. Eigendur ábyrgjast ekki persónulegar skuldir félagsins umfram framlag sitt. Þeir skuldbinda félagið báðir í sameiningu, nema að svo miklu leyti sem öðrum hvorum þeirra eða þriðja manni kynni að vera veitt prókúruumboð.

Firmariton:

Jakobsson & Valdimarsson

Jakob J. Jakobsson. Jens Valdimarsson.

Reykjavík, 8. maí 1936.

Jakob J. Jakobsson, Mímisveg 8. Jens Valdimarsson, Barónsstíg 39.

32. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur er skrásett firmað Pöntunarfélagið á Grímsstaðaholti, skammstafað P. G. Dagsetning samþykka félagsins er 25. apríl 1936. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Tilgangur: Að útvega félagsmönnum allskonar vörur sem beztar að gæðum og við vægasta verði með pöntunarstarfsemi og með því að hafa opna sölubúð. Öll lánsverzlun er bönnuð. Inntökugjald í félagið er 10 krónur, sem rennur í varasjóð. Svo ber hverjum félagsmanni að greiða 15 krónur, sem rennur í stofnsjóð og skal það endurgreiðast við flutning af félagssvæðinu. Einnig rennur í stofnsjóð 1% af verði þeirrar vöru, er hver félagismaður kaupir hjá félaginu. Í varasjóð greiðist árlegt fjártillag 1% af viðskiptaveltu félagsins. Fé sjóðanna má nota sem veltufé í þarfir félagsins. Ábyrgð félagsmanna takmarkast við sjóði félagsins. Stjórn félagsins skipa 5 menn og skulu þeir vera félagsmenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra. Firmað rita tveir stjórnendur félagsins saman og auk þess framkvæmdastjóri sem prókúruhafi. Stjórnendur: Hermann Björnsson, Signýjarstöðum, formaður. Axel Larsen, Þrastargötu 7, varaformaður. Helgi Tryggvason, Lóugötu 2, ritari, Eyjólfur Brynjólfsson, Smyrilsv. 2. Jón Eyjólfsson, Fálkagötu 36.

Framkvæmdastjóri félagsins er Stefán Árnason, Fálkagötu 9, og undirritar 187 hann firmað þannig sem prókúruhafi:

p. p. Pöntunarfélagið á Grímsstaðaholti
Stefán Árnason.

Stjórnin undirritar nöfn sín þannig, þó rita í hvert sinn aðeins tveir stjórnendur saman:

Hermann Björnsson.

Axel Larsen.

Helgi Tryggvason.

Jón Eyjólfsson.

Eyjólfur Brynjólfsson.

Reykjavík, 25. maí 1936.

Hermann Björnsson. Jón Eyjólfsson. Axel Larsen.

Helgi Tryggvason. Eyjólfur Brynjólfsson.

33. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smá-söluverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Skeifan“.

Firmað rita ég þannig:

pr. Verzlunin „Skeifan“

Thor G. Hallgrímsson.

Reykjavík, 5. júní 1936.

Thor G. Hallgrímsson,

Frikirkjuvegi 11, Rvík.

34. Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem fjármálaráðuneytið f. h. ríkissjóðs veitti Oscar Hans Ziegler, Ránargötu 3, Reykjavík, 13. júní 1935, fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins.

Fjármálaráðuneytið, 3. júní 1936.

Eysteinn Jónsson.

35. Fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs veitir hér með Guðmundi Marteinsyni, rafmagnsfræðingi, Suðurgötu 29, Reykjavík, prókúruumboð fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins, og ritar hann firmað á þenna hátt:

pr. pr. Raftækjaeinkasala ríkisins

Guðmundur Marteinson.

Fjármálaráðuneytið, 3. júní 1936.

Eysteinn Jónsson.

36. Sú breyting hefir orðið á stjórn h/f. „Timburverzlunin Skógur“, að nú skipa stjórnina: Brynjólfur Árnason, lögfr., Laugav. 97, formaður, Hjálmar Þorsteinsson, húsgagnameistari, Klapparstíg 28, og Jón Jóhannsson, skipstj.,

- 187 Stýrimannast. 6, og varastjórnandi er Jóhann Bárðarson, kaupm., Selja-
vegi 25.

Brynjólfur Árnason undirritar nafn sitt: Brynj. Árnason.

Jón Jóhannsson undirritar nafn sitt: Jón Jóhannsson.

Reykjavík, 6. júlí 1936.

Brynj. Árnason, Hjálmar Þorsteinsson.

Hér með afturkallast prókúru- og framkvæmdastjóraumboð það, sem
hr. frkvstj. Páll Ólafsson, Sólvallagötu 4, Rvík, hefir haft fyrir h/f. Timb-
urverzlunina Skógur.

Reykjavík, 6. júlí 1936.

Í stjórn h/f. Timburverzlunin Skógur.

Brynj. Árnason, Hjálmar Þorsteinsson.

37. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frú Ingibjörg Cl.
Þorláksson var kosin í stjórn h/f. Pípuverksmiðjan á aðalfundi félagsins
þann 15. febrúar 1936 í stað Jóns heitins Þorlákssonar, borgarstjóra. Nafn
sitt ritar hún þannig:

f. h. Pípuverksmiðjan h/f.

Ingibjörg Cl. Þorláksson.

Reykjavík, 31. júlí 1936.

Þór. Kristjánsson. Þór. Arnórsson.

38. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að með og frá deginum í
dag hefi ég veitt herra verkfræðingi H. Dürr, Laufásvegi 34, prókúruumboð
fyrir firma mitt, Bræðurnir Ormsson, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa
að lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Bræðurnir Ormsson

H. Dürr.

Reykjavík, 31. júlí 1936.

E. Ormsson.

39. Hér með veitum við hr. fulltrúa Pétri Jóhannssyni, Njálsgötu 5, Reykjavík,
prókúruumboð fyrir verzl. Edinborg, Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar og
Veifaræragærð Íslands, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlunin Edinborg

Pétur Jóhannsson.

p. p. Heildverzlun Ásgeirs Sigurðssonar

Pétur Jóhannsson.

p. p. Veifaræragærð Íslands

Pétur Jóhannsson.

Reykjavík, 1. ágúst 1936.

F. h. dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar

Sig. B. Sigurðsson. Har. Á Sigurðsson.

40. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek með ótakmarkaðri ábyrgð söðla- og aktygjasmíði undir firmanafninu:

Baldvin Einarsson, söðla- og aktygjasmíði

Firmað rita ég þannig:

Baldvin Einarsson, söðla- og aktygjasmíði

Erl. Baldvinsson.

Reykjavík, 18. ágúst 1936.

Erlendur Baldvinsson,

Hverfisgötu 67.

41. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Ódýra húsgagnabúðin.

Firmað ritum við hvor um sig þannig:

Ódýra húsgagnabúðin

Kristján Kristmundsson.

Ódýra húsgagnabúðin

Sveinn Mósesson.

Reykjavík, 2. sept. 1936.

Kristján Kristmundsson, Lindarg. 41, Rv.

Guðmundur Sveinn Mósesson, Hafnarfirði.

42. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð kjötverzlun undir firmanafninu „Milners Kjötbúð“.

Firmað rita ég þannig:

Milners Kjötbúð

Kj. Milner.

Reykjavík, 10. sept. 1936.

Kjartan Westrup Milner.

43. Sveinbjörn Jónsson, byggingameistari, Akureyri, og Jón Loftsson, kaupmaður, Hávallagötu 13, Reykjavík, hafa sem fullábyrgir félagar stofnað félag til vinnslu, hagnýtingar og útflutnings á vikri og vörum unnum úr vikri, og reka þeir félagið undir firmanafninu „Vikurfélagið“ (The Pumice Stone Co.), með heimili og varnarþingi í Reykjavík.

Firmað rita þeir báðir saman og auk þess Jón Loftsson sem prókúruhafi.

Firmaritun:

Vikurfélagið

Jón Loftsson. Sveinbjörn Jónsson.

Reykjavík, 21. sept. 1936.

Jón Loftsson. Sveinbjörn Jónsson.

- 187 44. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að undirritaður Chr. Berndsen, Klapparstíg 42, er genginn úr firmanu „Alma“ frá 1. okt. þ. á. að telja. Firmað er því eftirleidis rekið sem einkaeign Guðríðar Kristjánsdóttur og ritar hún ein firmað.

Reykjavík, 1. okt. 1936.

Guðríður Kristjánsdóttir. Chr. Berndsen.

45. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, leðurvörugerð undir firmanafninu „Leðurvörugerðin“. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Leðurvörugerðin

Halldór P. Dungal.

Reykjavík, 6. okt. 1936.

Halldór P. Dungal.

46. Við undirritaðar tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð nærfatagerð undir nafninu: „Nærfatagerðin“.

Hver okkar um sig hefir rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Nærfatagerðin

Ásta Þorsteinsdóttir.

Nærfatagerðin

Kristjana Blöndal.

Nærfatagerðin

Ingibjörg Bjarnadóttir.

Reykjavík, 9. okt. 1936.

Ásta Þorsteinsdóttir.

Kristjana Blöndal.

Ingibjörg Bjarnadóttir.

47. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verksmiðju hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu „Leðuriðjan“. Verksmiðjuna rita ég þannig:

Leðuriðjan

Atli Ólafsson.

Prókúruhafi er frú Marianne Stehn-Ólafsson, Leifsgötu 22, og ritar hún verksmiðjuna þannig:

p. p. Leðuriðjan

Marianne Stehn-Ólafsson.

Reykjavík, 10. okt. 1936.

Atli Ólafsson, Leifsgötu 22.

48. Á fundi í h/f. Steindórsprent þann 1. október þ. á. var Steindóri Gunnars- **187**
syni, prentsmiðjustjóra, veitt „prókúra“ fyrir Steindórsprent h/f. og jafn-
framt afturkallað prókúruumboð það, sem Einar Jónsson, verkstjóri, hefir
haft.

Prókúruhafi undirritar þannig:

pr. pr. Steindórsprent h/f.

Steindór Gunnarsson.

Reykjavík, 9. okt. 1936.

Steindór Gunnarsson. Einar Jónsson. Kristján Á. Ágústsson.

49. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum
brauð- og kökugerð hér í bænum undir firmanafninu F. A. Kerff. Undir-
ritaður Frederik Anton Kerff ber einn ábyrgð á skuldbindingum firmans,
en J. C. C. Nielsen, Jón Jónsson og Ingi Halldórsson ábyrgjast að eins með
tillögum sínum í firmað. En tillög þeirra eru kr. 1000,00 hvers um sig.
Frederik Anton Kerff ritar einn firmað þannig:

F. A. Kerff.

Reykjavík, 12. okt. 1936.

Jörgen Carl Christian Nielsen, Bergstaðastr. 29.

Jón Jónsson, Bergþórugötu 53.

Ingi Halldórsson, Vesturgötu 14.

50. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Laufey
Bjarnadóttir, Laufásveg 46, og Óskar B. Erlendsson, Garðastræti 43, rek-
um í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð snyrtivöruverksmiðju, undir firma-
nafninu snyrtivöruverksmiðjan „Píróla“.

Við, hvort um sig, höfum rétt til að rita firmað og auk þess Stefán
Bjarnason, Laufásveg 46, sem prókúruhafi.

Firmaritun:

Snyrtivöruverksmiðjan „Píróla“

Laufey Bjarnadóttir.

Snyrtivöruverksmiðjan „Píróla“

Ó. B. Erlendsson.

pr. pr. „Píróla“,

Stefán Bjarnason.

Reykjavík, 28. okt. 1936.

Laufey Bjarnadóttir. Ó. B. Erlendsson.

51. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég sel herra kaupmanni
Sigurði Gíslasyni firma mitt „Verzlunina Víði“ frá 1. nóvember þ. á. að
telja, og eru mér óviðkomandi skuldbindingar firmans frá þeim degi.

Reykjavík, 29. október 1936.

Jakob M. Bjarnason.

187

Samkvæmt framanrituðu hefi ég keypt „Verzlunina Víði“ í Reykjavík og rek hana með ótakmarkaðri ábyrgð, undir sama firmanafni.

Firmað rita ég þannig:

„Verzlunin Víðir“

Sigurður Gíslason.

Reykjavík, 29. október 1936.

Sigurður Gíslason, Freyjugötu 26.

52. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verksmiðju í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð til framleiðslu vinnuhanzka undir firmanafninu: „Vinnuhanzkagerðin“.

Firmað ritum við báðir þannig:

Vinnuhanzkagerðin

H. St. Björnsson. Loftur Þorsteinsson.

Reykjavík, 1. nóv. 1936.

Loftur Þorsteinsson, Sóleyjarg. 15. Harald Steinn Björnsson, Hrgbr. 34.

53. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi 7. maí 1936 gekk úr stjórn H/f. Gler Friðþjófur Thorsteinsson, en í stað hans var kosinn sem aðalmaður Bjarni Jónsson, frkvstj., Galtafelli, Rvík, og sem varamaður var kosinn Valdimar Loftsson, rakari, Laugaveg 65, Rvík.

Bjarni Jónsson undirritaðar nafn sitt:

B. Jónsson.

Reykjavík, 4. nóv. 1936.

Eyjólfur Jóhannsson. Guðm. Halldórsson.

54. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verksmiðju hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, til framleiðslu á húsgögnum og barnavögnum, undir firmanafninu „Stálhúsgögn“. Hvor okkar um sig hefir rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

„Stálhúsgögn“.

Gunnar Jónasson.

„Stálhúsgögn“.

Björn Ólsen.

Reykjavík, 7. nóv. 1936.

Björn Ólsen, Barónsstíg 63. Gunnar Jónasson, Laugaveg 82.

55. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi H/f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson, sem haldinn var 22. apríl 1934, gekk úr stjórninni Jón Árnason, framkvstj., en í stað hans var kosinn Geir Sigurðsson,

skipstjóri, Vesturgötu 26 A. Formaður stjórnarinnar var kosinn Tómas 187
Tómasson, frkstj., Bjarkargötu 2. Varastjórnendur voru kosnir: Lárus
Fjeldsted hrm., Tjarnargötu 33, og Garðar Þorsteinsson, hrm., Vesturgötu 19.

Geir Sigurðsson undirritar nafn sitt: Geir Sigurðsson.

Reykjavík, 9. nóv. 1936.

Í stjórn H/f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson.

Tómas Tómasson, Stefán Thorarensen, Geir Sigurðsson.

56. Það tilkynnist enn fremur til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi H/f.
Ölgerðin Egill Skallagrímsson, hinn 6. júní 1936, var ákveðið að minnka
hlutafé félagsins úr kr. 700000,00 niður í kr. 490000,00.

Reykjavík, 9. nóv. 1936.

Í stjórn H/f. Ölgerðin Egill Skallagrímsson.

Tómas Tómasson. Björn Ólafsson. Kristinn Sigurðsson.

Stefán Thorarensen. Geir Sigurðsson.

57. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek blóma-
verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Blómabúðin.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Blómabúðin

G. K. Hjaltsted.

Reykjavík, 12. nóv. 1936.

Guðriður K. Hjaltsted, Tjarnargötu 43.

58. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frá deginum í dag að
telja er með undirritaður Magnús O. Magnússon genginn úr firmanu S.
Árnason & Co., Reykjavík, og er allur rekstur firmans og skuldbindingar
mér óviðkomandi eftir þann tíma.

Reykjavík, 12. nóv. 1936.

Magnús O. Magnússon. S. M. Benediktsson.

Frá deginum í dag að telja rek ég undirritaður Stefán Már Benedikts-
son firmað S. Árnason & Co., Reykjavík, einn og á mína ábyrgð. Ég hefi
einn rétt til að rita firmað og geri það þannig:

S. Árnason & Co.

S. M. Benediktsson.

Reykjavík, 12. nóv. 1936.

S. M. Benediktsson.

- 187 59. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum hér í bænum blómaverzlun með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Kaktusbúðin“. Firmað ritum við báðir saman þannig:

Kaktusbúðin

Jón Arnfinnsson. Sigurj. Jónsson.

Reykjavík, 19. nóv. 1936.

Jón Arnfinnsson, Baldursgötu 4, Rvík.

Sigurj. Jónsson,

Berg. 50 B, Rvík.

60. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek verksmiðju hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, til framleiðslu á allskonar undirfatnaði, undir firmanafninu „Harpa“. Ég ein hefi rétt til að rita firmað, og auk þess Kristján Jónsson, Brekkustíg 11, sem prókúruhafi.

Firmaritun:

„Harpa“

Anna Sæmundsdóttir.

pr. pr. „Harpa“

Kr. Jónsson.

Reykjavík, 20. nóv. 1936.

Anna Sæmundsd.,

Brekkustíg 11.

61. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, hnappa- og spennugerð, undir firmanafninu: Sylgja. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Sylgja

Baldvin Jónsson.

Reykjavík, 24. nóv. 1936.

Baldvin Jónsson,

Hallveigarstíg 8 A, Reykjavík.

62. Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík tilkynnir hér með til firmaskrár Rvíkur, að það rekur veitingastarfsemi í Alþýðuhúsinu Iðnó, Vonarstræti 3, undir nafninu „Alþýðuhúsið Iðnó“, og í Alþýðuhúsi Reykjavíkur, Hverfisgötu 10, sem útibú frá Alþýðuhúsinu Iðnó, undir nafninu „Ingólfs Café“, hvorttveggja með ótakmarkaðri ábyrgð, án tillits til þess, hverjir skipa fulltrúaráðið. Prókúruhafi er húsnefnd, sem fulltrúaráðið kýs, en hana skipa nú: Kjartan Ólafsson, Njarðargötu 47, formaður, Jón Axel Pét-

ursson, Hringbraut 153, ritari, og frú Jónína Jónatansdóttir, Lækjar- 187
götu 12 A.

Firmað ritar stjórn fulltrúaráðsins og auk þess prókúruhafi þannig:

pr. pr.. Alþýðuhúsið Iðnó

Kjartan Ólafsson. Jón Axel Pétursson. Jónína Jónatansdóttir.

pr. pr. Ingólfs Café

Kjartan Ólafsson. Jón Axel Pétursson. Jónína Jónatansdóttir.

Stjórn fulltrúaráðs verkalyðsfélaganna í Reykjavík, 27. nóv. 1936.

Sigurjón Ólafsson, alþm., formaður.

Haraldur Pétursson, umsjm., ritari.

Jón Guðlaugsson, bilstj., varaform.

Sigurður Ólafsson, gjaldk., féhirðir.

Sigríður Ólafsdóttir, húsfrú.

63. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðar rekum hér í bænnum hattaverzlun og saumastofu með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Hattaverzlun Soffíu Pálma.

Við báðar höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Hattaverzlun Soffíu Pálma

F. Blöndal.

Hattaverzlun Soffíu Pálma

Soffía Pálma.

Reykjavík, 9. des. 1936.

Filippía Blöndal, Marargötu 2. Soffía Pálma, Ingólfsstræti 10.

64. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að hr. Þórir Tryggvason, Bárugötu 7, hefir gengið í firma mitt, „Litla Bílstöðin“, sem fullábyrgur félagi og ritum við firmað hvor um sig þannig:

Litla Bílstöðin

Þórir Tryggvason.

Litla Bílstöðin

Þorst. Þorsteinsson.

Reykjavík, 9. des. 1936.

Þorsteinn Þorsteinsson. Þórir Tryggvason.

65. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Samúel Ketilsson, Baugsvegi 7, hér í bæ, rek snyrti- og hreinlætisvörugerð í Reykjavík, undir firmanafninu Parfumerie d'Emol. Ég einn ber fulla ábyrgð á fyrirtækinu og rita það þannig:

Parfumerie d'Emol

Samúel Ketilsson.

Reykjavík, 12. des. 1936.

Samúel Ketilsson.

- 187 66. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð: Margrét Þórðardóttir, Sóleyjargötu 23, Rvík, frú Sveinbjörg Ustrup, Sóleyjarg. 23, Rvík, Helgi Lárusson, kaupfélagsstj., Grettisg. 64, Rvík, og Magnús Viglundsson, heildsali, Hávallag. 45, Rvík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verksmiðju undir nafninu „Verksmiðjan Fram“. Hlutverk verksmiðjunnar er að framleiða manchetskyrtur, nærfatnað kvenna og karla, rykfrakka og annað það, sem eigendur verksmiðjunnar kunna að álíta heppilegt. Firmað rita einhverjir þrír eigenda saman þannig:

Verksmiðjan Fram

S. Ustrup. M. Viglundsson. Helgi Lárusson.

Verksmiðjan Fram

Margrét Þórðardóttir. Helgi Lárusson. M. Viglundsson, o. s. frv.

Prókúru hefir Magnús Viglundsson, Hávallagötu 45, og ritar hann þannig:

pr. pr. Verksmiðjan Fram.

M. Viglundsson.

Reykjavík, 14. des. 1936.

S. Ustrup. Margrét Þórðardóttir. M. Viglundsson. Helgi Lárusson.

67. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek sporthúfugerð og annan skyldan atvinnurekstur undir firmanafninu Sporthúfugerðin.

Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita ég það þannig:

Sporthúfugerðin

Áslaug Gunnarsdóttir.

Reykjavík, 16. des. 1936.

Áslaug Gunnarsdóttir,

Hávallagötu 46.

68. Við undirritaðir, Trausti Ólafsson, efnafræðingur, Eiriksgötu 6, Pétur Guðmundsson, kaupmaður, Sjafnargötu 3, Ágúst Lárusson, málarameisteri, Ingólfsstr. 3, og Sigurður Guðmundsson, frkvstj., Brunnstíg 7, hér í bæ, tilkynnum til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verksmiðjuíðnað hér í bænum til framleiðslu á hvers konar lakk- og málningarvörum undir firmanafninu „Lakk- og Málningarverksmiðjan Harpa“. Firmað ritum við allir saman og auk þess Pétur Guðmundsson sem prókúruhafi.

Firmarritun:

„Lakk- og Málningarverksmiðjan Harpa“.

Trausti Ólafsson. Pétur Guðmundsson.

Ágúst Lárusson. S. Guðmundsson

pr. pr. Lakk- og Málningarverksmiðjan Harpa.

P. Guðmundsson.

Reykjavík, 17. desember 1936.

Trausti Ólafsson. Pétur Guðmundsson.

Ágúst Lárusson. Sigurður Guðmundsson.

187

69. Hér með tilkynnist, að á aðalfundi fiskveiðahlutafélagsins Alliance, sem haldinn var þ. 15. þ. m., varð sú breyting á stjórn félagsins, að Ólafur H. Jónsson, cand. jur., var kosinn formaður og framkvæmdastjóri og meðstjórnendur kosnir þeir Jón Ólafsson, bankastjóri og Magnús Magnússon, frkstj. Varamaður í stjórn var kosinn Jón Sigurðsson, framkv.stj. Framkvæmdastjóri ritar félagið þannig:

p. p. Fiskveiðahlutafélagið Alliance

Ólafur H. Jónsson.

Reykjavík, 17. desember 1935.

Ólafur H. Jónsson. M. Magnússon.

70. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að ályktun aðalfundar H/f. „Ölgerðin Egill Skallagrímsson“, frá 6. júní 1936, um niðurfærslu hlutafjár félagsins um 30%, hefir verið framkvæmd, og lækkunin skráð á öll hlutabréfin.

Reykjavík, 22. des. 1936.

Í stjórn H/f. „Ölgerðin Egill Skallagrímsson“.

Tómas Tómasson, Kristinn Sigurðsson, Björn Ólafs,

Stefán Thorarensen, Geir Sigurðsson.

71. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að með því að firmað Ólafur Gíslason & Co. hefir verið selt samnefndu hlutafélagi frá 1. jan. n. k., hættir firmað störfum þá, en hlutafélagið tekur við rekstri þess og heldur honum áfram frá þeim tíma. Frá sama tíma fellur niður prókúruumboð það, sem hr. Einar Pétursson hefir haft fyrir nefnt firma.

Reykjavík, 28. des. 1936.

Ól. Gíslason.

72. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að með því að firmað Veiðarfaraverzlunin Verðandi hefir verið selt samnefndu hlutafélagi frá 1. jan. n. k. hættir firmað störfum þá, en hlutafélagið tekur við rekstri þess, og heldur honum óbreyttum áfram frá þeim tíma.

Reykjavík, 28. des. 1936.

St. Stephensen, Bjarkargötu 4. Jón Þorvarðsson, Öldugötu 26.

- 187 73. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að sú breyting hefir verið gerð á firmanu Nic. Bjarnason & Smith, að nafn Nic. Bjarnasonar fellur burtu úr firmanafninu frá og með 1. jan. 1937, og að við undirritaðir framvegis rekum firmað með fullri ábyrgð undir nafninu P. Smith & Co. Firmað annast afgreiðslu skipa og annara farartækja, svo og skipamiðlun, vátryggingar o. fl.

Við höfum hvor um sig prókúruumboð fyrir firmað og ritum það þannig:

pr. pr. P. Smith & Co.

Paul Smith.

pr. pr. P. Smith & Co.

Erling Smith.

Meðundirritaður Paul Smith hefir einn heimild til að veita og afturkalla prókúruumboð fyrir firmað.

Reykjavík, 22. des. 1936.

Paul Smith, Erling Smith.

2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Á aðalfundi s/f. Grímur, 17. maí s. l. varð sú breyting á stjórn félagsins, að kosinn var Kristján Pétursson, stýrimaður, í stað Ásmundar Jónssonar.

Skuldbindandi fyrir félagið er undirskrift formanns stjórnarinnar eða varaformanns í hans stað og hvers eins stjórnarmanns með honum.

Borgarnesi, 2. júní 1936.

Í stjórn s/f. Grímur

Hervald Björnsson.

Magnús Jónsson.

Friðrik Þorvaldsson.

3. Barðastrandarsýsla.

1. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Barðastrandarsýslu er skrásett firmað Sláturfélagið Örlygur. Félagslögin eru samþykkt 19. apríl 1936. Heimili félagsins er Gjögur í Rauðasandshreppi. Varnarþing í Rauðasandshreppi. Tilgangur félagsins er: Að stuðla að því: a. Að sala kjöts og annara sláturfjárufurða sé á valdi framleiðenda sjálfra. b. Að vanda sem bezt verkun þessara afurða og afla þeim þannig áhlits á útlendum markaði. c. Að losna sem mest við ónauðsynlega milliliði milli framleiðenda og neytenda varanna. d. Að koma því til vegar, að framleiðendur fái sem bezt verð fyrir vörur sínar. e. Að kaupa inn nauðsynjar félagsmanna með sem hagfelldustum kjörum. f. Að mynda sjóði til að tryggja starfrækslu sína og framtíð og starfa að öðru leyti í anda samvinnufélagsskaparins. g. Að annast sölu á sjávarafurðum félagsmanna og stuðla að vöndun þeirrar framleiðslu. Inngangseyrir í félagið er kr. 25,00, sem rennur í stofnsjóð. Auk þess renn-

ur í stofnsjóð 4% af árlegri viðskiptaveltu hvers félagsmanns. Í varasjóð 187
 rennur árlega allt að 1% af árlegri viðskiptaveltu félagsins. Félagsmenn
 bera takmarkaða sjálfskuldarábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins á
 allt að kr. 200,00 hver maður, auk inneigna í stofnsjóði. Stjórnendur eru
 þrír, og eru það: Sigurbjörn Guðjónsson, bóndi, Hænuvík, Ásbjörn Helgi
 Árnason, bóndi, Kollsvík, Kristján Júlíus Kristjánsson, bóndi, Kollsvík.
 Firmað rita stjórnendur, en undirskrift tveggja nægir til að skuldbinda fé-
 lagið. Undirskriftum er hagað þannig:

Sigurbjörn Guðjónsson, Ásbjörn Helgi Árnason
 eða

Sigurbjörn Guðjónsson, Kristján Júlíus Kristjánsson.
 eða

Kristján Júlíus Kristjánsson, Ásbjörn Helgi Árnason.
 Hænuvík, 15. maí 1936.

Sigurbjörn Guðjónsson. Kristján Júlíus Kristjánsson.
 Ásbjörn Helgi Árnason.

4. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestur-Ísafjarðarsýslu, að á síðasta aðal-
 fundi h/f. Dofri, Þingeyri, sem haldinn var í Reykjavík 17. janúar þ. árs,
 varð sú breyting ger á stjórn félagsins, að Guðmundur Kristjánsson, fyrr-
 verandi skipamiðlari í Reykjavík, gekk úr stjórninni, en í hans stað var kos-
 inn sem meðstjórnandi Anton Proppé á Þingeyri og verður því undirskrift
 hinnar nýju stjórnar sem hér segir:

H/f. Dofri

P. Stefánsson. Anton Proppé.

H/f. Dofri

P. Stefánsson. Sigfús Blöndahl.

H/f. Dofri

Sigfús Blöndahl. Anton Proppé.

Reykjavík, 18. janúar 1936.

Anton Proppé.

2. Hinn 8. desbr. 1934 var hlutafélagið Djúpbáturinn á Ísafirði tekið til gjald-
 protaskipta og er rekstur félagsins að öllu leyti niður fallinn.

Skiptaráðandinn á Ísafirði, 13. marz 1936.

Torfi Hjartarson.

- 187 3. Fisksölusamlag Vestfirðinga er stofnað 8. jan. 1932 og eru samþykktir samþ. sama dag. Starfsvið samlagsins er Ísafjarðarsýslur og kaupstaður; heimili og varnarþing er á Ísafirði. Tilgangur samlagsins er að annast sölu á fisk-afurðum félagsmanna. Ennfremur að vinna að aukinni vöruvöndun sjávar-afurða þeirra. Félagsmenn geta allir orðið, bæði félög og einstaklingar, á félagssvæðinu, sem hafa fiskafurðir til útflutnings, og greiða 10 kr. inntöku-gjald. Úrsögn er bundin við áramót; sé hún skrifleg og send formanni minnst viku fyrir árslok. Félagsmenn eru skuldbundnir til þess, að láta samlagið annast sölu á öllum fiski verkuðum til útflutnings, öðrum en úrgangsfiski. Þó þarf samlagið að leita samþykkis félagsmanna til ráðstöfunar og sölu afurðanna. Sölusamningar, er samlagið gerir, eru skuldbindandi fyrir félagsmenn. Félagsmenn greiða 1% í félagssjóð af söluverði afurða, miðað við söluverð fritt um borð. Það, sem afgangur er árlegum reksturs-kostnaði, ráðstafar aðalfundur í hvert sinn. Stjórn samlagsins er skipuð 5 mönnum og 2 til vara, er skulu kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Aðalfundur skal haldinn í janúar ár hvert. Til aðalfundar skal boða með hálfsmánaðar, en aukafund með viku fyrirvara. Hver samlagsmður hefir eitt atkvæði, og ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf $\frac{2}{3}$ viðstaddra atkvæða. Stjórn samlagsins skipa nú: Jón A. Jónsson, alþm., Ísafirði, formaður, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri samlagsins. Meðstjórnendur: Matthías Ásgeirsson, verzl.m., Ísafirði, varaformaður, Einar Guðfinnsson, kaupm., Bolungavík, Einar Steindórsson, kaupm., Hnífsdal, Grímur Jónsson, kaupm., Súðavík. Varamedstjórnendur: Valdimar Þorvarðsson, kaupm., Hnífsdal, Ingvar Pétursson, verkstj., Ísafirði. Heimild til að rita firmað hafa:

Stjórn samlagsins.

Prókúra: Engin. Hvort nokkur af félagsmönnum ábyrgist skuldir félagsins: Nei.

Ísafirði, 31. marz 1936.

Matth. Ásgeirsson. Jón A. Jónsson. Einar Steindórsson.

Einar Guðfinnsson. Grímur Jónsson.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar, að á aðalfundi hlutafélagsins Huginn á Ísafirði, sem haldinn var 22. þ. m., voru eftirtaldir hluthafar félagsins kosnir í stjórn þess:

Gísli Júlíusson, skipstjóri, Ísafirði,
 Jóhann J. Eyfirðingur, kaupmaður, Ísafirði,
 Finnbjörn Finnbjörnsson, málarameistari, Ísafirði,
 Arngrímur Fr. Bjarnason, ritstjóri, Ísafirði, og
 Helgi Guðbjartsson, kaupmaður, Ísafirði.

Stjórn félagsins hefir síðan á fundum sínum 24. og 30. þ. m. kosið

Jóhann J. Eyfirðing, kaupmann, sem formann félagsstjórnarinnar, 187
 Arngrím Fr. Bjarnason, ritstjóra, sem varaformann og ráðið
 Jón J. Fannberg, bókara, Ísafirði, sem framkvæmdastjóra og hefir hann
 prókúruumboð fyrir félagið.

Samkvæmt 17. gr. félagslaganna hefir formaður félagsins prókúru fyrir
 félagið, og er undirskriftum hagað þannig:

Formaður ritar firmað þannig:

Pr. pr. H/f. Huginn

Jóh. J. Eyfirðingur.

Varaformaður (i forföllum formanns) ritar firmað þannig:

Pr. pr. H/f. Huginn

Arngr. Fr. Bjarnason.

Framkvæmdastjóri ritar firmað þannig:

Pr. pr. H/f. Huginn

Jón J. Fannberg.

Prókúruumboð það, sem hr. verksmiðjueigandi Björgvin Bjarnason,
 Ísafirði, hafði fyrir félagið, fellur niður.

Í stjórn H/f. Huginn

F. Finnbjörnsson. Jóh. J. Eyfirðingur. Helgi Guðbjartsson.

Arngr. Fr. Bjarnason. Gísli Júlíusson.

5. Ég undirrituð, frú Sigrún Edwald, Smiðjugötu 5 á Ísafirði, tilkynni hér með
 til firmaskrárinnar, að ég rek áfram á Ísafirði, sem fullábyrgur einkaeig-
 andi, verzlun mannsins míns sáluga, Jóns S. Edwald, konsúls, undir nafn-
 inu „Verzlun J. S. Edwald“.

Firmað rita ég þannig:

Verzlun J. S. Edwald.

Sigrún Edwald.

Ísafirði, 31. desember 1935.

Sigrún Edwald.

6. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðarkaupstaðar, að prókúru fyrir
 verzlun mína hefir Tryggvi Jóakimsson, konsúll á Ísafirði, og ritar hann
 firmað þannig:

p. p. Verzlun J. S. Edwald

Tryggvi Jóakimsson.

Ísafirði, 31. desember 1935.

Sigrún Edwald.

7. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að ég hefi 2. þ. m. selt herra
 Ragnari Bárðarsyni, trésmiðameistara í Reykjavík, Timburverzlunina Björk

- 187 á Ísafirði og er allur rekstur verzlunarinnar mér með öllu óviðkomandi frá þeim degi.

Ísafirði, 10. október 1936.

Jóh. Bárðarson.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að ég hefi keypt Timburverzlunina Björk á Ísafirði 2. þ. m. og rek ég verzlunina eftirleiðis, undir sama firmanafni, með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmað rita ég þannig:

Timburverzlunin Björk

Ragnar Bárðarson.

Ísafirði, 10. október 1936.

Ragnar Bárðarson.

8. Ég undirritaður, Alfons Gíslason, Hnífsdal, tilkynni hér með til firmaskrárinnar, að ég rek verzlun í Hnífsdal undir firmanafninu „Verzlun Sig. Þorvarðssonar“ og skrifa firmanafnið þannig:

Verzlun Sig. Þorvarðssonar.

Alfons Gíslason.

Hnífsdal, 12. nóv. 1936.

Alfons Gíslason.

9. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að á aðalfundi Sláturfélags Vestfjarða, sem haldinn var á Ísafirði 4. júní síðastliðinn, hlutu kosningu í stjórn félagsins þeir: Ólafur Pálsson, framkvæmdarstjóri, Tryggvi Á. Pálsson, bóndi, Kirkjubóli, Gísli Sæmundsson, bóndi, Ögri.

Ólafur Pálsson. Tryggvi Á. Pálsson.

5. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Undirrituð stjórn sildarverksmiðja ríkisins veitum hér með Gísla Halldórsyni, verkfræðing, prókúruumboð fyrir sildarverksmiðjur ríkisins og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Sildarverksmiðjur ríkisins

Gísli Halldórsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð Jóns Gunnarssonar, verkfræðings, fyrir nefnt firma.

Siglufirði, 3. marz 1936.

f. h. Sildarverksmiðjur ríkisins

Jón Þórðarson. Jón Sigurðsson.

f. h. Páls Þorbjarnarsonar

Jón Sigurðsson.

2. Það tilkynnist hér með, að á síðasta aðalfundi 31. janúar 1936 Byggingar- 187
félags verkamanna, Siglufirði, varð sú breyting á stjórninni, að úr henni
gengu Kristján Dýrfjörð og Árni Jóhannsson, en í staðinn komu Arnþór Jó-
hannsson og Gunnlaugur Hjálmarsson.

Siglufirði, 27. marz 1936.

Jóhann Guðmundsson, formaður. Gunnl. Hjálmarsson, féhirðir.
Arnþór Jóhannsson, ritari.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að við undir-
ritaðir rekum verzlun og veitingasölu í Siglufjarðarkaupstað undir nafninu
„Alma“. Stofnfé firmans er 2100 krónur og er allt innborgað. Firmað eigum
við, ég, Már Einarsson, að tveimur þriðju hlutum og ég, Pétur Jónsson, að
einum þriðja hluta, og erum fullábyrgir félagar í sömu hlutföllum, Már
að $\frac{2}{3}$ og Pétur að $\frac{1}{3}$ hluta frá 1. þ. m. á öllum skuldbindingum firmans.

Firmað ritum við báðir í félagi og þannig:

Pr. Verzlunin „Alma“

Már Einarsson. Pétur Jónsson.

Siglufirði, 23. júlí 1936.

Már Einarsson. Pétur Jónsson.

4. Hér með afturkallast prókúru- og framkvæmdarstjóraumboð það, sem hr.
framkvæmdarstjóri Kristján Kjartansson, Siglufirð, hefir haft fyrir Sam-
vinnufélag Siglufirðinga.

Siglufirði, 22. okt. 1936.

Í stjórn Samvinnufélags Siglufirðinga.

Þormóður Eyjólfsson, formaður. Páll Dalmar.

6. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. H/f. Nýja Bíó.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Akureyrar, að vegna sölu á hús-
eigninni Akureyrarbíó hefir hlutafé H/f. Nýja Bíó, Akureyri, verið lækk-
að úr kr. 140000,00 niður í kr. 116000,00. Hafa hlutabréf fyrir þessum kr.
24000,00 verið afhent stjórninni og þau eyðilögð.

Akureyri, 28. des. 1935.

Stjórn H/f. Nýja Bíó

Þór Ó. Björnsson. O. C. Thorarensen. Jakob Frímansson.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að fyrirtækið „Iðja Akureyri“,
áður einkaeign mín, Sveinbjarnar Jónssonar, er í dag að hálfu selt Lárusi

187

Björnssyni, trésmið, Akureyri, og rekum við fyrirtæki þetta framvegis sem fullábyrgir félagar. Hvor okkar um sig hefir rétt til að skuldbinda félagskap okkar, þegar um er að ræða ráðstafanir í daglegum rekstri, svo sem vörusölu og efniskaup. Til að selja eða veðsetja aðrar eignir félagsskaparins þarf samþykki okkar beggja.

Akureyri, 31. janúar 1936.

Sveinbjörn Jónsson. Lárus Björnsson.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Akureyrar, að Sápúbúðin á Akureyri hætti störfum sínum frá og með 15. þ. m.

Reykjavík, 27. marz 1936.

F. h. C. Schous Fabrikker A/S.

G. Skúlason.

4. 22. maí var skrásett „Pöntunarfélag alþýðu Dalvík“. Heimili og varnarþing á Dalvík í Svarfaðardalshreppi. Tilgangur félagsins: að útvega félagsmönnum góðar vörur og ná hagfelldum kaupum á þeim, að sporna við skulda-verzlun og óreiðu í viðskiptum, að safna fé í sjóð til tryggingar félaginu. Inngöngueyrir: 5 kr., sem rennur í tryggingarsjóð félagsins. Félagismaður hver er samábyrgur innan félagsins fyrir allt að 200 kr. Stjórn félagsins skipa 3 menn og sómuleiðis 3 varamenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér störfum. Firmað rita tveir stjórnarmenn saman. Núverandi stjórn: Kristinn Jónsson, sundkennari, er hefir prókúru fyrir félagið, Jón Stefánsson og Eiríkur Líndal, allir í Dalvík.

Dagsetning samþykktá 29. marz 1936.

Um fundaboðun gilda engin sérstök ákvæði.

Dalvík, 30. apríl 1936.

Kr. Jónsson.

Jón E. Stefánsson.

Eiríkur A. Líndal.

5. Skrásett 14. júní 1936: „Bifreiðastöð Akureyrar“. Kristján Kristjánsson rekur flutningastarfsemi með bifreiðum á Akureyri með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Bifreiðastöð Akureyrar“.

Kristján Kristjánsson ritar firmað.

Akureyri, 3. júní 1936.

Kristján Kristjánsson.

6. Ég undirritaður tilkynni hér með fyrir hönd Jóns Einarssonar eiganda verzlunarinnar „Róma“, hér á staðnum, að téd verzlun er hætt störfum.

Áður tilkynnt prókúruumboð til Páls Pálssonar, Strandgötu nr. 33, Ak- 187
ureyri, fyrir greinda verzlun er því hér með afturkallað.

Akureyri, 5. júní 1936.

F. h. Jóns Einarssonar

Sveinn Bjarnason,

skv. umb.

7. Jón Guðmundsson, Akureyri, rekur gistihúshald og veitingar undir nafninu „Hótel Akureyri“ á Akureyri, með ótakmarkaðri ábyrgð. Hann skrifar firmað þannig:

„Hótel Akureyri“

Jón Guðmundsson.

Akureyri, 9. júlí 1936.

Jón Guðmundsson.

8. Þorvaldur Stefánsson, Akureyri, rekur bifreiðaafgreiðslu undir nafninu „Bifreiðastöð Oddeyrar“, skammstafað B. S. O., með ótakmarkaðri ábyrgð. Hann skrifar firmað þannig:

„Bifreiðastöð Oddeyrar“

Þorvaldur Stefánsson.

Akureyri, 8. ágúst 1936.

Þorvaldur Stefánsson.

9. Steindór Hannesson, Akureyri, tilkynnir, að hann reki sem fullábyrgur einkaeigandi brauðgerð hér í bæ, undir nafninu „Steindórsbakarí“. Hann einn hefir rétt til að skuldbinda fyrirtækið og ritar firmað þannig:

„Steindórsbakarí“

Steindór Hannesson.

7. Þingeyjarsýsla.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Þingeyjarsýslu, að við undirritaðir höfum keypt eignahluta systkina okkar í Verzlun St. Guðjohnsen, Húsavík, og verður firmað rekið undir sama nafni á ábyrgð okkar undirritaðra framvegis. Kaupin fóru fram í nóvember síðastl. og voru miðuð við 1. janúar 1936, og berum við undirritaðir frá þeim tíma ábyrgð á öllum skuldbindingum verzlunarinnar.

187

Prókúruumboð Einars Guðjohnsen fyrir verzlunina fellur hér með niður, en eigendur skuldbinda firmað hvor um sig og rita það þannig:

Einar Guðjohnsen ritar þannig:

Verzlun St. Guðjohnsen

E. Guðjohnsen.

Þórður Guðjohnsen ritar þannig:

Verzlun St. Guðjohnsen

D. Guðjohnsen.

Veðsetning eða sala fasteigna skal undirrituð af báðum eigendum til þess að hafa gildi.

Húsavík, 25. apríl 1936.

Einar Guðjohnsen.

8. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður.

1. Hér með tilkynnist til samvinnufélagaskrárinnar, að á síðasta aðalfundi Samvinnufélags seyðfirzkra sjómanna, Seyðisfirði, gekk úr aðalstjórn Haraldur Aðalsteinsson, en í hans stað kom Kristján Hermannsson. Úr vara-stjórn gengu Kristján Hermannsson og Vilhjálmur Sveinsson, en í þeirra stað komu Gunnþór Björnsson og Árni Jónsson.

Seyðisfirði, 25. maí 1936.

Í stjórn Samvinnufélags seyðfirzkra sjómanna.

Þorgeir Jónsson, form. Kristján Hermannsson. Magnús Guðfinnsson.

2. Hér með tilkynnist til samvinnufélagaskrárinnar, að prókúruhafi Samvinnufélags seyðfirzkra sjómanna, Seyðisfirði, er Haraldur Víglundsson, og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Samvinnufélag seyðfirzkra sjómanna

Haraldur Víglundsson.

Seyðisfirði, 25. maí 1936.

Í stjórn Samvinnufélags seyðfirzkra sjómanna.

Þorgeir Jónsson, form. Kristján Hermannsson. Magnús Guðfinnsson.

9. Neskaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til samvinnufélagaskrár, að á aðalfundi í Íshúsfélagi Norðfirðinga, s/f., er haldinn var hinn 19. jan. s. l., urðu þær breytingar á stjórn félagsins, að í stað hr. Björns Ingvarssonar, sem gekk úr stjórninni, var kosinn hr. Jón Sveinsson, Tröllanesi, Norðfirði.

Norðfirði, 31. jan. 1936.

p. p. Íshúsfélag Norðfirðinga.

Kristj. Sigtryggsson.

2. Á aðalfundi Pöntunarfélags Alþýðu í Neskaupstað 23. febrúar 1936 var samþykkt eftirfarandi breyting á lögum félagsins: 187

Fyrri málsg. 3. gr. falli burt, en í staðinn komi: Ábyrgðin er takmörkuð. Hver félagsmaður ber ábyrgð á allt að 25 kr. af skuldbindingum félagsins.

Takmörkun þessi á ábyrgð félagsmanna nær til allra þeirra skulda, er félagið stofnar til hér eftir.

Neskaupstað, 23. febr. 1936.

Í stjórn félagsins.

Kristinn Ólafsson. Sigd. V. Brekkan. Páll Sigurðsson.
Anton L. Waage. Ragnar Bjarnason.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Neskaupstaðar, að ég undirrituð rek vefnaðarvöruverzlun í Neskaupstað undir firmanafninu: Dömubúð Sigfríðar Þormar og ber ég ein fulla ábyrgð á fyrirtækinu.

Prókúru hefir Páll G. Þormar, og ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Dömubúð Sigfríðar Þormar

Páll G. Þormar.

Neskaupstað, 5. sept. 1936.

Sigfríð K. Þormar.

4. Hér með tilkynnist, að á aðalfundi í Samvinnufélagi útgerðarmanna, sem haldinn var hinn 9. f. m., urðu þær breytingar á stjórn félagsins, að í stað stjórnarnefndarmannanna Ölves Guðmundssonar, Sigurðar Hinrikssonar og Jóns K. Guðmundssonar, sem gengu úr stjórn, voru kosnir: Ármann Magnússon, útgerðarmaður, Tindum, Benedikt Benediktsson, útgerðarmaður, Tröllanesi, Ásmundur Guðmundsson, útgerðarmaður, Skuld.

p. p. Samvinnufélag útgerðarmanna

Kristj. Sigtryggsson.

Hér með tilkynnist, að á aðalfundi Samvinnufélags útgerðarmanna, sem haldinn var 9. f. m., var sú breyting gerð á 9. gr. samþykkt félagsins, að í stað málsgreinarinnar: „Aðalfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna er mættur“, kemur málsgreinin: „Aðalfundur er lögmætur, er meira en þriðjungur félagsmanna er mættur“.

p. p. Samvinnufélag útgerðarmanna

Kristj. Sigtryggsson.

187

10. Vestmannaeyjar.

1. Ég, Ársæll Sveinsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, veiti hér með syni mínum, Lárusi Á. Ársælssyni, umboð sem prókúrista fyrir verzlun og útgerð mína.

Hefir hann öll réttindi prókúrista, samkv. lögum nr. 42, 1903.

Hann ritar firmað þannig:

p. p. Ársæll Sveinsson

Lárus Á. Ársælsson.

Vestmannaeyjum, 4. marz 1936.

Ársæll Sveinsson.

2. Með því að ég er orðinn einn eigandi að öllum hlutabréfum í Vöruhúsi Vestmannaeyja h/f, þá ber ég einn ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Rek ég það framvegis undir firmanafninu:

Vöruhús Vestmannaeyja

og rita ég það þannig:

Vöruhús Vestmannaeyja

Einar Sigurðsson.

Prókúru hefir Ágúst V. Matthíasson, Hásteinsveg 24, og ritar hann þannig:

pr. pr. Vöruhús Vestmannaeyja

Ágúst V. Matthíasson.

Vestmannaeyjum, 11. maí 1936.

Einar Sigurðsson.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyja, að allt hlutafé félagsins Þorst. Johnsen h/f., kr. 10000,00, er innborgað, og var innborgun þess að fullu lokið í janúarmánuði 1935.

Vestmannaeyjum, 31. okt. 1936.

pr. pr. Þorsteinn Johnson h/f.

Þorst. Johnson.

11. Árnessýsla.

1. „Pöntunarfélag verkamanna Stokkseyri“, skst. P. V. S., pantar vörur fyrir félagsmenn Alþýðusambandsins. Varnarþing á Stokkseyri. Inntökugjald er 5 kr. og bera félagsmenn enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Úrsögn skal vera skrifleg. Aðalfundur kýs 3 menn í stjórn, er skipta með sér verkum, og 2 endurskoðendur. Í stjórn eru: Sigurður Grímsson, formaður, Jónas

Ásgeirsson, ritari, Björgvin Sigurðsson, féhirðir. Samþykktir dags. 19. júlí 1936. 187

2. Vér höfum veitt hr. Þorvarði Guðmundssyni umboð til þess að undirskrifa tékkávisanir fyrir Mjólkurbú Flóamanna. Um leið er afturkölluð prókúra sú, er C. Jörgensen, mjólkurbússtjóri, fór með fyrir mjólkurbúið. Þorvarður Guðmundsson skrifar undir þannig:

pr. Mjólkurbú Flóamanna

Þorv. Guðmundsson.

Sigtúnun, 26. ágúst 1936.

Mjólkurbú Flóamanna

Egill Thorarensen. Sigurgr. Jónsson. Dagur Brynjúlfsson.

12. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.

1. Félagið heitir Pöntunarfélag Sandgerðis. Heimili þess og varnarþing í Miðneshreppi, Gullbringusýslu. Tilgangur félagsins er: Að útvega félagsmönnum allskonar vörur með pöntunarstarfsemi. Að styrkja verkalýð og bændur í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Dagsetning samþykkt félagsins er 15. marz 1936. Stjórnendur félagsins eru: Formaður og framkvæmdarstjóri er Hjörtur B. Helgason, Klöpp, en meðstjórnendur eru: Björn Hallgrímsson, Sjónarhól, ritari, Jóhannes Eiríksson, Hlíðarhúsum, gjaldkeri, Stefán Friðbjörnsson, Miðhúsum, Þorlákur Eyjólfsson, Gerðakoti. Stjórnin ritar öll undir skuldbindingar félagsins. Undirskriftum er hagað þannig: Sem prókúristi félagsins ritar Hjörtur B. Helgason þannig:

Pr. pr. Pöntunarfélag Sandgerðis

Hjörtur B. Helgason.

Stjórnin ritar þannig:

F. h. Pöntunarfélags Sandgerðis

Hjörtur B. Helgason. Björn Hallgrímsson. Jóhannes Eiríksson.

Stefán Friðbjörnsson. Þorlákur Eyjólfsson.

Ábyrgð félagsmanna nær aðeins til vaxtabréfs, sem er kr. 10.00. Inn-tökugjald er kr. 5,00, og rennur helmingur í félagssjóð og helmingur í varasjóð. Í stofnsjóð skal leggja árlega hluta af útborganlegum arði, sem aðalfundur ákveður fyrir hvert ár. Árgjald í varasjóð er 1½% af viðskiptaveltu félagsins. Félagið hefir ekki innlánsdeild og ekki verzlunarleyfi.

Sandgerði, 18. apríl 1936.

Hjörtur B. Helgason. Jóhannes Eiríksson. Þorlákur Eyjólfsson.

Björn Hallgrímsson. Stefán Friðbjörnsson.

- 187 2. Sú breyting hefir verið samþykkt á löglegum fundi Pöntunarfélags Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Keflavík, að framvegis geta allir hrepps- búar, aðrir en þeir, sem reka verzlun með samskonar vörur hér á staðnum, gerzt meðlimir þess.

Úr stjórn félagsins hefir gengið Bjarni Sveinsson, gjaldkeri þess, en í hans stað verið kosinn Guðni Guðleifsson.

Stjórn félagsins skipa þá þessir menn:

Þorbergur P. Sigurjónsson, form.

Ragnar Guðleifsson, ritari.

Guðni Guðleifsson, gjaldkeri.

Keflavík, 25. júlí 1936.

pr. pr. Pöntunarfélags Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur

Þorbergur P. Sigurjónsson.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að á aðalfundi í H/f. Þórólfur í Keflavík, sem haldinn var 5. sept. 1936, voru í stjórn félagsins kosnir þessir menn:

Formaður: Elías Þorsteinsson, kaupm. í Keflavík. Meðstjórnendur: Harald Faaberg, skipamiðlari í Reykjavík, og Jóhann Guðnason, útvegsbóndi í Vatnsnesi í Keflavík.

Félagsstjórnin ritar firmanafn félagsins þannig:

Elías Þorsteinsson og Harald Faaberg rita:

H/f. Þórólfur

Elías Þorsteinsson. Harald Faaberg.

Elías Þorsteinsson og Jóhann Guðnason rita:

H/f. Þórólfur

Elías Þorsteinsson. Jóhann Guðnason.

Harald Faaberg og Jóhann Guðnason rita:

H/f. Þórólfur

Harald Faaberg. Jóhann Guðnason.

Keflavík, 15. sept. 1936.

H/f. Þórólfur

Elías Þorsteinsson. Jóhann Guðnason. Harald Faaberg.

4. Það tilkynnist hér með, að bankastjóri Jón Ólafsson, Reykjavík, er genginn úr stjórn H/f. Sandgerði í Sandgerði, og að í hans stað hefir verið kosin í stjórnina frú Ingveldur Ólafsdóttir, Fjölnisvegi 16 í Rykjavík.

Stjórn félagsins skipa nú:

Formaður: Lárus Fjeldsted, hrm., Reykjavík. Meðstjórnendur: Eyjólfur Eiriksson, kaupm., Rvík, og Ingveldur Ólafsdóttir, Rvík

Reykjavík, 17. sept. 1936.

F. h. H/f. Sandgerði

Lárus Fjeldsted, p. t. formaður.

5. Það tilkynnist hér með, að Keflavík h/f. hefir keypt $\frac{2}{3}$ hluta s/f. Hafskipa- 187
bryggju Keflavíkur, af þeim Bjarna Matthíassyni og Birni Ólafssyni.

Á fundi félagsins s/f. Hafskipabryggja Keflavíkur, sem haldinn var 25.
maí s. l., var samþykkt, að prókúruumboð Óskars Halldórssonar félli nið-
ur, en þeim Huxley Ólafssyni og Guðmundi Kristjánssyni fengið prókúru-
umboð fyrir félagið og rita þeir félagið þannig:

pr. pr. Hafskipabryggja Keflavíkur
Huxley Ólafsson.

pr. pr. Hafskipabryggja Keflavíkur
Guðm. Kristjánsson.

p. t. Hafnarfirði, 23. sept. 1936.

pr. pr. Hafskipabryggja Keflavíkur
Huxley Ólafsson.

6. Við undirritaðir fyrir hönd Pöntunarfélags Verkamannafélagsins Hlíf í
Hafnarfirði gefum hér með hr. Guðmundi Tryggvasyni, Lækjargötu 18,
Hafnarfirði, umboð sem prókúrista fyrir verzlun Pöntunarfélagsins, og hefir
hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Frá sama tíma fellur niður prókúruumboð Siggeirs Vilhjálmssonar við
verzlunina.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Pöntunarfélag V.M.F. „Hlíf“
Guðm. Tryggvason.

Hafnarfirði, 13. nóv. 1936.

Stjórn Pöntunarfélags V.M.F. Hlíf

M. Kjartansson. Guðjón Gunnarsson. Ólafur Þ. Kristjánsson.

7. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar, að á aðal-
fundi samvinnufélagsins „Mjólkurbú Hafnarfjarðar“ í Hafnarfirði, 20. maí
þ. á., voru eftirgreindir menn kosnir í stjórn félagsins:

Ólafur Runólfsson, kaupmaður, Hafnarfirði, formaður, Gísli Gunnars-
son, kaupm., Hafnarfirði, Gunnlaugur Kristmundsson, kennari, Hafnarfirði,
Gísli Sigurgeirsson, verkstjóri, Selsskarði, og Ólafur H. Jónsson, kaupm.,
Hafnarfirði, meðstjórnendur.

Varamenn í stjórnina voru á sama fundi kosnir þeir:

Jón Einarsson, verkstjóri, Selskarði, Ingólfur Flygenring, ishúseigandi,
Hafnarfirði, og Friðfinnur Stefánsson, múrarameistari, Hafnarfirði.

Samkvæmt ákvörðun sama fundar var prókúruumboð Jóhannesar J.
Reykðal fyrir félagið tekið af honum.

Formaður félagsins og tveir af meðstjórnarmönnum skuldbinda félagið
samkvæmt ákvæðum félagslaganna.

Hafnarfirði, 17. nóv. 1936.

Ólafur Runólfsson. Gísli Gunnarsson. Gunnl. Kristmundsson.
Ólafur H. Jónsson. G. Sigurgeirsson.